

Æskulýðsstarf Mána veturinn 2022

Guðrún H Ólafsdóttir

Æskulýðsstarfið byrjaði á fullu hjá okkur í Mána 17. janúar 2022
þátttakendur voru frá 9 til 15 börn og var æskulýðsstarfinu skipt í 2 hópa eldri hóp og yngri.

Var þetta gert til að þau sem eldri og reyndari eru myndu njóta sín betur í æskulýðsstarfinu.
Þegar við höfðum leikjadaga þá voru þau öll saman.



Í vetur æfði eldri hópurinn mikið fyrir keppnir sem framundan voru og tóku þátt í öllum keppnum sem voru haldin á vegum Mána og tóku þau svo þátt í Hafnarfjarðarmeistaramótinu sem haldið var hjá Sörla í Hafnarfirði helgina 12 – 14 maí með góðum árangri.

Yngri hópurinn æfði grunnatriði reiðmennskunnar, stjórna hestinum og æfði gangsetningar sem er að fara af feti yfir í tölt og hægja hestinn aftur fet, tímarnir enduðu á leikjum sem þau völdu sjálf.

Allur hópurinn æfði ýmsar þrautir og við höfðum þrautamót og fengu allir verðlaun, við vorum með leikjadaga á hestum og án hesta, pizzaveislu og svo leigðum við frisbígólfsett sem vakti mikla lukku og var það í fyrsta skipti sem frisbígólf er spilað á hestbaki.

Æskulýðsnefndin bauð í bollukaffi í reiðhöllinni á bolludaginn.

Þegar fór að líða að páskum þá höfðum við páskafjör sem voru leikir, páskaeggjaleit og pizzaveisla.

Við fórum í útreiðatúra, grillaðum pylsur og höfðum gaman.

Æskulýðsstarfinu lauk 30 maí.









